



Okkar mál

*Samstarf um menningu,
mál og læsi í Fellahverfi*

Áfangaskýrsla - sumar 2015

Verkefnið Okkar mál er þróunarverkefni til fimm ára sem hefur það meginmarkmið að auka samstarf skóla í Fellahverfi og stofnana í Breiðholti með það að leiðarljósi að efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna í hverfinu¹.

Á þriðja starfsári hefur verið haldið áfram í anda markmiða verkefnisins sem sett voru við mótun þess vorið 2012. Áframhaldandi þróun og dýpkun samstarfs, vinna og fræðsla tengd fjölmennningarlegu skólastarfi, áætlunargerð um mál og læsi, spjaldtölvuverkefni og kynningarstarf hafa einkennt starfið á tímabilinu.

Helstu verkefni

Í júní 2014 var lokið við samstarfsáætlun fyrir skólaárið 2014-2015² sem unnið hefur verið eftir þriðja starfsár verkefnisins. Eins og sjá má á vef verkefnisins³ og í þessari áfangaskýrslu hefur margvísleg starfsemi farið fram í verkefninu.

- **Stýrihópur** fundaði alls 6 sinnum. Hópurinn hefur sinnt stefnumótun, ákvarðanatöku, undirbúningi fyrir ýmsa sameiginlega starfsemi, mat á starfsemi verkefnisins og kynningarmálum. Fulltrúar í stýrihópi hafa séð um að kynna verkefnið á sinni starfsstöð og miðla upplýsingum um starfsemi vetrarins.
- **Verkefnastjórar** frá leikskólunum Holti og Ösp, Fellaskóla, skóla- og frístundasviði og þjónustumiðstöð Breiðholts, hafa fundað 6 sinnum. Verkefnastjórnir hafa séð um skipulag og umsjón heim-sókna milli leik og grunnskóla. Þeir hafa jafnframt og unnið að ýmsum sameiginlegum verkefnum er tengjast samstarfi, kynningarmálum, gerð læsisáætlana og markvissum verkefnum á hverjum starfsstað. Þeim til ráðgjafar hafa verið deildarstjórar í leikskólunum, kennarar á yngsta stigi í Fellaskóla og þátttakendur í stýrihópi verkefnisins.

¹ Samstarfsaðilar í verkefninu eru Fellaskóli, Leikskólinn Holt, Leikskólinn Ösp, Menntavísindasvið HÍ, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og Þjónustumiðstöð Breiðholts

² Sjá http://tungumalatorg.is/okkarmal/files/2014/07/Samstarfsáætlun_2014-2015.pdf

³ Sjá www.tungumalatorg.is/okkarmal



Mynd 1. Frá fundum stýrihóps, verkefnistjóra, ráðgjafarhóps og samráði starfsmanna

- Fyrirnefnd **áætlun um samstarf leikskóla og grunnskóla** var endurskoðuð á skólaárinu. Með samstarfsáætluninni fyrir næsta skólaár⁴ fylgja ýmis konar gögn sem eru **tímarammi**⁵ fyrir samstarf leik- og grunnskóla skólaárið 2015-2016, **eyðublöð fyrir skráningar og mat** tengd samstarfi skólanna, skipulag **heimsókna** kennara og grunnskólabarna í leikskólana, **form fyrir upplýsingar frá leikskóla til grunnskóla**, upplýsingar um heimsóknir leikskólabarna í **frístundastarf** Fellaskóla, **lýsing á ferli útskriftar**, umfjöllun um skipulag og kynningar í **vorskóla** og **söngbók Fellahverfis**⁶.
- Sameiginlegur starfsdagur **Fellaskóla, leikskólans Aspar og leikskólans Holts** var haldinn 5. janúar í menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Starfsdagurinn var gríðarlega vel sóttur. Þar var verkefnið kynnt og boðið upp á fjölbreytta fræðslu um fordóma, fjölmenningarhæfni, félagsauð, félagsfærni, fjölmenningalega kennsluhætti, uppbyggileg samskipti, nýtingu ipad í málörvun nemenda með íslensku sem annað mál, K-PALS í leikskóla, markvissa ritunarkennslu og nýtingu tækni í skólastarfi.



Mynd 2. Frá sameiginlegum starfsdegi í janúar 2015

⁴ Sjá <http://tungumalatorg.is/okkarmal/files/2015/07/samstarfsaetlun2015.pdf>

⁵ Sjá <http://tungumalatorg.is/okkarmal/files/2015/06/Timarammi-samstarfsaetlunar2015.pdf>

⁶ Sjá <http://tungumalatorg.is/okkarmal/files/2015/06/songbok-Fellahverfis.pdf>

- Haldnir voru tveir **skipulagðir samráðsfundir** deildarstjóra í leikskólunum og kennara á yngsta stigi í Fellaskóla. Þessi hópur hefur einnig átt aðra mikilvæga fundi, þróað og tekið þátt í gagnkvæmum heimsóknnum milli leikskólanna og grunnskólans. Gagnsemi þessa samráðs hefur verið mikil. Ekki síst hefur verið stuðlað að umræðu sem æskilegt er að fram fari á milli skólastiga og sú umræða hefur skilað inn nýjum hugmyndum og áherslum sem móta samstarfið.



Mynd 3. Kynning á starfi leikskólanna fyrir kennurum Fellaskóla, nóvember 2014

- Í verkefninu var lögð sérstök áhersla á **möguleika spjaldtölva í skólastarfi**. Reynslan úr starfinu sýnir meðal annars áhugaverða og fjölbreytta notkunarmöguleika í bæði grunn- og leikskólum tengda málrækt, menningu, upplýsingamiðlun og samstarfi.
- Skólaárið 2014-2015 var unnið áfram að læsisáætlunum. Þær áætlanir eru tilbúnar fyrir Ösp⁷ og Holt⁸ og kennarar í Fellaskóla eru enn í samstarfshópnum „Aðalnámskrá til athafna“ með öðrum kennurum úr Breiðholti um að útbúa og innleiða lestrarstefnu. Til stóð að vinna að sameiginlegri læsisstefnu skólanna sem taka þátt í Okkar máli og verður þeirri vinnu haldið áfram á næsta starfsári. Hægt verður að nálgast áætlanirnar allra skólanna á heimasíðum þeirra á komandi skólaári.

⁷ Sjá <http://www.leikskolinn.is/osp/skjalasafn/osp108.pdf>

⁸ Sjá <http://tungumalatorg.is/okkarmal/files/2015/07/Læsisáætlun-Holts.pdf>



Mynd 4. Nemendur í 5. bekk lesa fyrir leikskólabörn á móðurmáli sínu.

- Samstarfsverkefni og heimsóknir milli skólastiganna settu svip sinn á starf vetrarins. Kennarar beggja skólastiga fóru í heimsóknir á aðrar starfsstöðvar Okkar máls og kynntu sér starfið. Nemendur voru einnig duglegir að fara í heimsóknir milli skólastiganna. Góð dæmi um það samstarf eru þegar stoltir 1. bekkingar Fellaskóla heimsóttu gömlu leikskólana sína í tvígang. Eldri nemendur sóttu leikskólana einnig heim og það vakti mikla lukku þegar 5. bekkingar Fellaskóla tóku bækur á eigin móðurmáli með sér í heimsókn sína í leikskólana. Í þeirri heimsókn lásu 5. bekkingar upphátt á móðurmáli sínu fyrir leikskólabörnin, léku við þau og aðstoðuðu í útiföt. Sömu nemendur 5. bekkjar gegndu lykilhlutverki sem gestgjafi ásamt 2. bekk Fellaskóla þegar útskriftarárgangur Aspar og Holts mættu í vorskólann í lok maí. Þar var lagður grunnur að tengingu milli vinabekkjanna í 1. og 6. bekk næsta skólaárs.
- Tengsl miðstigs og unglingsstigs við Okkar máls verkefnið styrktust verulega á þessu starfsári. Í vetur bjuggu nemendur í 10. bekk Fellaskóla til verslun handa yngstu nemendum skólans. Þeir hönnuðu og smíðuðu verslunina alveg frá grunni og bjuggu til sér hagkerfi og gjaldmiðil. Í verkefninu fólst samþætting ýmissa námsgreina og samfélagsleg ábyrgð þar sem vinna þeirra og framlag varð hluti af frístundastarfi yngstu barnanna. Þess má geta að leikskólabörn hverfisins kunnu vel að meta framlag eldri bekkjanna þegar þau heimsóttu frístundastarf Fellaskóla.



Mynd 5. Frá heimsókn elstu leikskólabarna hverfisins í frístund Fellaskóla.

- Þrjú daga vorskóli var haldinn í lok maí 2015⁹. Vorskólinn er haldinn að lokinni útskrift leikskólanna og þar fá leikskólabörnin að kynna grunnskólastarfinu enn betur. Kennurum gefst tækifæri til að hitta verðandi nemendur og haldin er kynningarfundur fyrir foreldra. Í vorskólanum var frumsýnt myndband fyrir foreldra þar sem farið er yfir venjulegan skóladag í Fellaskóla á myndrænan hátt.



Mynd 6. Svipmyndir frá Vorskólanum.

⁹ Sjá <http://tungumalatorg.is/okkarmal/files/2015/06/Dagskrá-vorskólans.pdf>

- Matskýrslu um viðhorf starfsfólks í þróunar- og rannsóknarverkefninu var skilað í júní 2015 með kynningu fyrir stýrihópi verkefnisins frá Brynju Elísabeth Halldorsdóttur PhD¹⁰. Helstu niðurstöður skýrslunnar eru að **mikill akkur felst í samstarfi skólanna**. Hæst ber að nefna þá **viðhorfsbreytingu** sem orðið hefur hjá kennurum á báðum skólastigum, **jákvæðari og opnari samskipti** og **skilningi á fagmennsku hvers annars** sem ekki var til staðar í upphafi verkefnis. Í matskýrslunni kemur fram hversu miklu máli samstarfið skiptir fyrir **fagmennsku starfsfólks**, ekki síst á þeim starfsstöðvum þar sem skort hefur fagfólk þar sem í verkefninu felist verulegt **faglegt bakland**. Aðkoma skrifstofu skóla- og frístundasviðs og þjónustumiðstöðvar Breiðholts að verkefninu hefur fært stofnanirnar **nær skólastarfinu** í hugum kennara. Einnig kemur fram kennarar telja að ímynd skólanna sem og hverfisins hafi batnað á starfstímanum.



Mynd 7. Frá fyrsta fundi rannsóknarhóps á MVS-HÍ

- Í báðum leikskólunum og grunnskólanum hefur auk framantalinna verkefna verið unnið á fjölbreyttan hátt að fræðslu og innleiðingu þátta er tengjast markmiðum verkefnisins, um menningu, mál og læsi. Þátttakendur í verkefninu tengjast jafnframt fjölmörgum öðrum verkefnum sem ríma við áherslur og markmið Okkar máls verkefnisins. Mörg verkefni tengjast þeirri miklu gerjun sem á sér stað í Breiðholti og hafa á einn eða annan hátt gildi fyrir allt skólastarfið. Nefna má verkefni eins og Blíða byrjun sem tekið var skrefinu lengra þetta árið með foreldramorgnum¹¹ átaksverkefni til þess að ná til foreldra barna sem ekki njóta þjónustu leikskólanna, íslenskukennslu fyrir foreldra á leikskólanum Ösp, samþættingu skóla- og frístundastarfs í verkefninu 1 2 Fellaskóli, starfi sem tengist ráðgjöf John Morris skólastjóra breska skólans Ardleigh Green til Fellaskóla, heimsókn Pen Green í leikskólana, morgunverðar- og fræðslufundum um mál, læsi og samstarfs skólastiga sem haldnir voru á vegum þjónustumiðstöðvar Breiðholts og sameiginlegri læsisstefnu Breiðholts þar sem allir grunnskólar og flestir leikskólar hverfisins vinna saman að því að auka læsi.


¹⁰ Sjá http://tungumalatorg.is/okkarmal/files/2015/07/Skyrsla_15052015BH.pdf

¹¹ Sjá <http://tungumalatorg.is/okkarmal/files/2015/07/foreldramorgnar.jpg>



Mynd 8. Frá afhendingu þróunarstyrks Skóla og frístundasráðs, apríl 2015.

- Okkar máls verkefnið hefur notið töluverðrar athygli og verið kynnt við hin ýmsu tækifæri. Nefna má eftirfarandi kynningar: á læsisráðstefnu á Akureyri, á Breiðholtsbylgjunni, kynning fyrir fagráði um læsi, kynning fyrir stýrihópi þróunarverkefnis um samstarf leik- og grunnskóla í Langholtshverfi, morgunverðarfundir Þjónustumiðstöðvar Breiðholts helguðum máli og læsi, á starfsdegi Hafnarfjarðarbæjar, á stóra leikskóladeginum, í ýmsum fréttamiðlum og á vef borgarinnar. Þátttakendur í verkefninu hafa einnig kynnt verkefnið í tengslum við kynningar á öðrum verkefnum sem þeir tengjast.



Mynd 9. Frá kynningum á læsisráðstefnu á Akureyri, september 2014.

- Á vef verkefnisins (www.tungumalatorg.is/okkarmal) er fréttum af verkefninu miðlað í myndum og texta. Lögð hefur verið sérstök áhersla á að skrá starfsemi og taka myndir af flestum atburðum til að auka sýnileika starfsins. Myndir eru aðgengilegar í gagnageymslum verkefnisins og hefur til dæmis verið miðlað til foreldra og starfsmanna. Innri kynningum hefur jafnframt verið sinnt á hverjum starfsstað og eins er lokaður Facebook hópur notaður sem vettvangur fyrir upplýsingamiðlun og umræður starfsmanna.

Afrakstur, stuðningur og næstu skref

Á þriðja starfsári Okkar máls verkefnisins hefur verið unnið að fjölbreyttum verkþáttum. Stór skref verið stigin í verkefninu sem hafa mótað inntak, aðferðir og samstarf í skólasamfélaginu í Fellahverfi. Verkefnið hefur þróast áfram, vissir þættir hafa nú náð fótfestu og eins hafa hugmyndir að nýjum verkefnum kviknað og verið útfærðar.

Samlegð af samstarfi í verkefninu, þar sem skólar í Fellahverfi, Þjónustumiðstöð Breiðholts, Menntavísindasvið Háskóla Íslands og skóla- og frístundasvið hafa lagt saman krafta sína, er um margt áhugaverð fyrirmynd að átaks- og þróunarverkefni í menntakerfinu. Í þessu samhengi er vert að þakka og geta þess að sú jákvæða athygli sem verkefnið hefur hlotið frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs og markviss stuðningur og hvatning frá skóla- og frístundaráði skiptir veigamiklu máli fyrir skólastarf í hverfi sem hefur jafnmikla sérstöðu og sóknarfæri eins og raunin er í Fellahverfi.



Niðurstöður skimanaprófa í læsi gefa til kynna mælanlegan árangur af Okkar máls verkefninu í Fellahverfi. Vorið 2014 mældust nemendur 2. bekkjar í Fellaskóla nálægt meðaltali Reykjavíkur í LÆSI2. Það er verulegur viðsnúningur til hins betra frá fyrri mælingum. Þessar niðurstöður sýna hversu mikilvæg verkefni á borð við Okkar mál eru fyrir skólastarf og að raunverulega er hægt að koma til móts við börn og foreldra með öflugri faglegu samstarfi allra sem að menntun barnanna koma.

Áskorun næstu missera verður að festa í sessi verkferla sem stuðla að góðu áframhaldandi samstarfi leik- og grunnskóla hverfisins ásamt því að foreldrasamstarf verður áfram í deiglunni. Vilji er til þess að þróa enn betur samstarf frístundar og leikskóla. Einnig stendur til að fjölga verkefnum sem tengja miðstig og unglíngastig við verkefnið. Loks ber þess að geta að fulltrúar Menntavísindasviðs hafa lýst áhuga til þess að auka aðkomu Háskóla Íslands að Okkar máls verkefninu.

Lokaorð

Okkar mál var í upphafi skilgreint sem fimm ára verkefni og þó að margt hafi unnist á fyrstu þremur starfsárum verkefnisins er þátttakendum ljóst að aðeins hafa verið tekin fyrstu skrefin í vegferð sem getur leitt af sér fjölmörg tækifæri og afrakstur ef rétt verður að staðið. Mikil vinna er framundan til þess að festa í sessi verkferla ásamt því að unnið verður áfram að þeim fjölmörgu og mikilvægu viðfangsefnum sem liggja fyrir í anda markmiða verkefnisins og verkáætlana. Vonir standa til að vinnan muni mótast af sömu gleði, hugmyndauðgi og krafti sem einkennt hefur fyrstu starfsárin í Okkar máls verkefninu í Fellahverfi.

Reykjavík, 6. júlí 2015

Helga Ágústsdóttir, verkefnastjóri Okkar máls